

Brunamálastofnun

Leiðbeiningar
um efni og
gerð brunavarnaáætlunar
sveitarfélaga

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Markmið brunavarnaáætlunar	4
Að semja og endurskoða brunavarnaáætlun	4
Samráð við gerð brunavarnaáætlunar	5
Samþykkt og kynning brunavarnaáætlunar	6
Efni og form brunavarnaáætlunar	6
1. Áhættumat	6
2. Þjónustustig	6
3. Skipulag slökkviliðs	7
3.1. Verkefni slökkviliðsins	7
3.2. Forvarnastarf	7
3.3. Útkallsstarf	8
3.4. Annað	8
4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð	8
4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf	8
4.2. Svar- og greiningartími	9
4.3. Boðunartími	9
4.4. Virkjunartími	9
4.5. Viðbragðstími	9
5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður	10
5.1. Húsnæði	10
5.2. Bifreiðar	10
5.3. Búnaður	10
5.4. Fjarskipti	10
5.5. Viðvörðunarbúnaður	10
5.6. Æfingasvæði	10
5.7. Annað	11
6. Landupplýsingar	11
7. Vatnsból og brunahanar	11
8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur	11
9. Hafnir og mörk þeirra	11
10. Samkomulag og samningar	12
11. Annað	12
Viðauki	12

Inngangur

Í 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 sem tóku gildi 1. janúar 2001 segir:

“Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og hjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórn og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Leiðbeiningar þessar eru gefnar út af Brunamálastofnun í samræmi við aðra málsgrein 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Ef ekki er getið um annað eru tilvitnanir í lög ávallt í þau lög.

September 2001

Brunamálastofnun

Markmið brunavarnaáætlunar

Leiðarljós brunavarnaáætlunar er markmið laganna sem er að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Jafnframt er eitt af meginmarkmiðunum með brunavarnaáætlun að sveitarfélög skilgreini hvernig þau nái að uppfylla tilgreind þjónustustig.

Að semja og endurskoða brunavarnaáætlun

Það er skylda slökkviliðsstjóra að semja brunavarnaáætlun fyrir sitt starfssvæði samkvæmt 5. mgr. 16. gr. Ríkjandi aðstæður hverju sinni og áhættumat sveitarfélagsins, bæði við venjulegar aðstæður og almannavarnaadstæður, eru mikilvæg upphafsgildi þegar brunavarnaáætlun er samin eða endurskoðuð. Sveitarfélög þurfa því að meta þær hættur sem varða verkefni slökkviliða. Sveitarfélögum er því skylt að framkvæma áhættumat. Áhættumatið, eða áhættugreiningin, getur einnig legið til grundvallar fyrir umhverfis- og skipulagsmál, upplýsingagjöf til almennings, sem og forvarnastarf á svæðinu.

Ein helsta forsenda fyrir brunavarnaáætlun er að gerðar verði viðbragðsáætlanir (t.d. slökkvíáætlanir og mengunavarnaáætlanir) a.m.k. yfir alla stærstu og erfiðustu áhættuna á svæði slökkviliðsins. Niðurstöður úr þessum áætlunum eiga m.a. að leiða í ljós hvort;

- tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur,
- fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg,
- nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi,
- slökkvistöð/-stöðvar slökkviliðsins uppfylli þarfir liðsins.

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir m.a. falist í að;

- endurnýja eða fjölga slökkvibílum, slökkvidælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins,
- bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins eða setja upp bakvaktir eða fastar vaktir,
- tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum,
- auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana.

Tryggja þarf slökkviliðinu eðlilegt rekstrarfé. Gera þarf skrá yfir búnað slökkviliðsins og ákveða afskriftarreglur sem gefa vísbendingu um þá fjárhæð sem árlega er nauðsynleg til að halda tækjabúnaði í horfinu.

Forsendur fyrir brunavarnaáætlun má einnig finna í;

- öðrum áætlunum fyrir slökkvilið í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum,
- áætlunum fyrir umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum,
- öðrum gögnum, svo sem lögum, reglugerðum og samningum sveitarfélaga.

Brunavarnaáætlun skal endurskoða samkvæmt 13. gr. laga eigi síðar en fimm árum eftir samþykkt hennar. Ef veigamiklar breytingar eru gerðar á gildandi brunavarnaáætlun skal hún endurskoðast þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykki hennar. Einnig gildir um alla þætti brunavarnaáætlunar að verulegar breytingar, endurnýjanir og endurskoðanir sem fyrirhugaðar eru innan fimm ára skulu tilgreindar. Ef breyttar aðstæður á starfssvæði slökkviliðsins, sem áhrif hafa á starfsemi þess, eru fyrirsjáanlegar innan fimm ára frá samþykki brunavarnaáætlunar skal það koma fram í brunavarnaáætlun.

Samráð við gerð brunavarnaáætlunar

Í brunavarnaáætlun þarf að koma fram við hverja er haft samráð. Í 14. gr. kemur eftirfarandi fram:

“Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um brunavarnir. Tvö sveitarfélög eða fleiri geta samið um sameiginlegt slökkvilið. Sveitarfélagi er einnig heimilt að semja við annað sveitarfélag um að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðs að hluta. Um slíkt skal gera skriflegan samning sem skal tilkynna til Brunamálastofnunar.”

Jafnframt er bent á bráðabirgðaákvæði I í lögum, en þar segir meðal annars:

“Á árunum 2001 til og með 2005 er Brunamálastofnun heimilt að veita þeim sveitarfélögum tímabundinn fjárstuðning sem sameinast um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs, sbr.14. gr., eftir reglum sem ráðherra setur að fenginni umsögn brunamálaráðs.”

Slökkviliðsstjóri skal leita umsagnar Brunamálastofnunar við gerð brunavarnaáætlunar og hafa samráð til að mynda við eftirfarandi aðila:

- Sveitarstjórnarmenn og eftirlitsaðila í eigin sveitarfélagi sem bera ábyrgð m.a. á almannavarna-, atvinnu-, byggingar-, hafnar-, heilbrigðis-, hollustu-, íþróttar-, löggæslu-, menningar-, orku-, samgöngu-, skipulags-, tómstunda-, umhverfis-, vatnsveitu- og öryggismálum.
- Stofnanir og eftirlitsaðila á vegum ríkisins sem bera m.a. ábyrgð á ofangreindum málaflokkum.
- Nærliggjandi sveitarstjórnir sem bera ábyrgð á slökkviliði.
- Slökkviliðsstjóra nærliggjandi sveitarfélaga.
- Björgunarsveitir, Rauða kross Íslands, Neyðarlínuna og önnur samtök sem hafa hlutverki að gegna innan slökkviliða og almannavarna sem og mannafla eða útbúnað sem nýta má við starfsemi slökkviliðsins.

- Eigendur og rekstraraðila mannvirkja þar sem eldsvoði getur valdið sérstakri hættu á manntjóni eða umtalsverðu tjóni á umhverfi eða öðrum verðmætum sem heyra undir e-lið 12 gr.

Aðstæður í hverju sveitarfélagi eru mismunandi þannig að hér er ekki um tæmandi lista að ræða heldur lista sem hafa má til hliðsjónar þegar unnið er að brunavarnaáætlun.

Samþykkt og kynning brunavarnaáætlunar

Áður en ný eða endurskoðuð brunavarnaáætlun öðlast gildi skal hún samþykkjast af viðkomandi sveitarstjórn samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga og að því loknu samþykkjast af Brunamálastofnun samkvæmt e-lið 5. gr. sömu laga. Að svo búnu skal slökkviliðsstjóri dreifa brunavarnaáætluninni til allra samstarfsaðila til kynningar.

Efni og form brunavarnaáætlunar

Brunavarnaáætlun má innihalda meiri upplýsingar en þær sem hér fara á eftir. Þær upplýsingar verða að vera þýðingarmiklar fyrir slökkviliðið eða almenning. Brunavarnaáætlun verður einnig að vera þannig úr garði gerð að við lestur hennar ætti almenningi að vera ljóst hvernig sveitarfélögin uppfylla markmið laganna og með hvaða hætti þjónustan er veitt. Æskilegt er að notast sé við eftirfarandi meginfyrirsagnir þannig að brunavarnaáætlunin sé auðveld yfirlestrar og samanburðarhæf við aðrar slíkar áætlanir.

1. Áhættumat

Í brunavarnaáætluninni á að vera greinargerð um hvernig slökkvilið hefur fundið og metið þær áhættur sem mestu teljast skipta innan starfssvæðisins. Einnig ætti að koma fram hvenær þetta mat fór fram og hvenær það var síðast endurskoðað. Í áætluninni skal tilgreina þá áhættu sem er ráðandi varðandi stærð slökkviliðsins.

Einföld skilgreining á áhættu er margfeldi líkinda á og afleiðinga af einstökum atburði, þ.e.a.s. samkvæmt sambandinu:

$$\text{Áhætta} = \text{líkindi} \times \text{afleiðing}$$

Í langflestum tilfellum mun slíkt mat vera huglægt áhættumat, byggt á þekkingu og reynslu slökkviliðsstjóra, en ekki byggt á tölfræði og útreikningum. Í einstaka tilfellum gæti þó slökkviliðsstjóri komist að þeirri niðurstöðu að kveðja þurfi til sérfræðinga til að vinna slíkt áhættumat. Brunamálastofnun getur veitt frekari nánari upplýsingar um slíka vinnu.

Mengunarvarna- og slökkvíaætlanir verða að vera til fyrir alla stærri áhættu innan starfssvæðisins. Þær á að nefna í brunavarnaáætlun og geta þær, ef við á, fylgt með í heild sinni sem fylgiskjal.

2. Þjónustustig

Þjónustu slökkviliða er skipt upp í eftirfarandi sex meginþjónustuflokka:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss.

2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun.
3. Björgun fólks með klippum, glennum eða öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum.
4. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun.
5. Eldvarnaeftirlit.
6. Aðra þjónustu, svo sem sjúkraflutninga eða dælingu úr skipum.

Í brunavarnaáætlun skal koma skýrt fram hvaða þjónustu slökkviliðið sjálft veitir og hvaða þjónustuflokkum er sinnt af öðru slökkviliði. Öllum samstarfssamningum skal gera skil í brunavarnaáætlun, sjá kafla 10.

Innan hvers þjónustuflokks verða undirflokkar sem gefa til kynna þjónustustig, sem metið er af Brunamálastofnun.

Mikilvægt er að sveitarfélögin líti á slökkviliðin sem uppsett afl sem ákveðnir fjármunir eru bundnir í. Aukin nýting á því leiðir ekki sjálfkrafa til aukins kostnaðar nema að óverulegu leyti en eykur þjónustustig sveitarfélagsins og nýtir fjárfestinguna í uppsettu afli betur en ella.

3. Skipulag slökkviliðs

Gera þarf grein fyrir stjórn og skipulagi slökkviliðsins í skipuriti. Í skipuritinu komi fram hvernig slökkviliðið fellur inn í starfsemi sveitarfélagsins. Einnig þarf að koma fram hvaða nefnd eða nefndir innan sveitarfélagsins bera ábyrgð á slökkviliðinu eða starfa með því. Heildarfjöldi stöðugilda innan slökkviliðsins á einnig að koma fram í brunavarnaáætlun.

Gera skal grein fyrir mannafla annarra aðila, innan sveitarfélagsins eða utan þess, sem starfa með slökkviliðinu, hvort sem um starfsmenn sveitarfélagsins er að ræða eður ei.

Einnig skulu verkefni og skipulag slökkviliðsins við almannavarnaáæstæður koma fram með því að tilgreindur er t.d. fjöldi manna í stjórnstöð, fjöldi yfirmanna, slökkviliðsmanna og hugsanlegs aðstoðarliðs, svo sem björgunarsveitarmanna, sem og landfræðileg staðsetning björgunarsveita og slökkvistöðva.

3.1. Verkefni slökkviliðsins

Lýsa skal verkefnum sem slökkviliðið í heild sinni eða hluti þess skal sinna, við venjulegar aðstæður sem og við almannavarnaáæstæður. Ef samstarf slökkviliða er nauðsynlegt til að sinna þessum verkefnum þarf það að koma fram sem og samstarf við aðra aðila.

Forsendum fyrir verkefnum slökkviliðsins er lýst í áhættumati sveitarfélagsins, sbr. kafla 1. Ef slökkviliðið sinnir verkefnum sem ekki eru skilgreind í lögum sem verkefni þess, þarf að taka það sérstaklega fram.

3.2. Forvarnastarf

Lýsa á æskilegum fjölda stöðugilda og æskilegum hæfniskröfum innan forvarnastarfsins. Samskonar lýsing á stöðunni eins og hún er við samþykkt brunavarnaáætlunar ætti að fylgja í viðauka þar sem það á við. Tilgreina þarf hverjir beri ábyrgð á forvarnastarfseminni. Tíðni eldvarnaskoðunar þeirra mannvirkja þar sem krafa er gerð um slíka skoðun skal einnig koma fram.

Í smærri sveitarfélögum þar sem forvarnastarf er á fátta manna höndum ber að lýsa forvarnastarfinu, menntunarstigi og hæfni þessara aðila sem og þjálfunar- og símenntunaráætlun.

Fyrir stærri slökkvilið er æskilegt að;

- menntun þeirra sem starfa við forvarnastarfsemi sé tilgreind, hvort menntunin sé í samræmi við skilgreint þjónustustig og hversu margir starfsmenn hafi þjálfunar- og símenntunaráætlun fyrir næstu fimm ár.
- greint sé frá með hvaða hætti forvarnastarf tengist aðgerðaáætlunum, menntun og þjálfun slökkviliðsins og annarri tengdri starfsemi sveitarfélagsins.

3.3. Útkallsstarf

Í brunavarnaáætlun skal vera almenn lýsing á útkallsstarfsemi. Lýsa á æskilegum fjölda stöðugilda og æskilegum hæfniskröfum innan útkallsstarfseminnar þar sem haft er í huga skilgreint þjónustustig slökkviliðsins. Stöðunni eins og hún er við samþykkt brunavarnaáætlunar skal lýst í viðauka, þ.e. greina skal frá fjölda starfsmanna í hverjum menntunarflokki, samkvæmt gildandi reglugerð um menntun slökkviliðsmanna, sem og heildarfjölda starfsmanna.

Skilgreina skal viðbúnað mannaflans og lýsa því hvernig æskilegt sé að starfseminni og mannaflanum sé skipt niður eftir verkefnum. Í þeim tilvikum þar sem einstaka slökkviliðsmenn gegna vissum gefnum hlutverkum er æskilegt að lýsa slíkum hlutverkum með stöðuheitum.

Í brunavarnaáætlun skal vera almenn lýsing á því hvernig æfingar fyrir slökkviliðsmenn eru skipulagðar, hvað þær innihalda, hverjir taki þátt í þeim og hversu langan tíma þær taka. Æskilegt er að æfingaáætlun komandi árs sé sýnd í viðauka. Æskilegt er að lýsa því hversu margir starfsmenn hafa þjálfunar- og símenntunaráætlun.

Í áætluninni er æskilegt að greina frá með hvaða hætti útkallsstarfsemin tengist aðgerðaáætlunum, menntun og þjálfun slökkviliðsins sem og annarri starfsemi sveitarfélagsins.

3.4. Annað

Ef slökkviliðið skiptir starfsemi sinni upp í fleiri starfssvið og/eða deildir þarf að gera grein fyrir þeim á sama hátt.

4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð

Ef slökkviliðið starfrækir eigin stjórnstöð sem þjónustar slökkviliðið í útkalli sem og utan þess skal það koma fram. Ef svo er ekki skal koma fram hver sinnir þeim þætti.

4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf

Í brunavarnaáætlun skal koma fram hvernig staðið er að viðvörðunum og upplýsingagjöf til almennings í neyðartilvikum sem og hvaða neyðartilvik krefjast slíkra aðgerða. Þetta gildir einnig fyrir neyðartilvik utan sveitarfélagsins sem geta haft afleiðingar fyrir sveitarfélagið og íbúa þess.

Nauðsynlegt getur verið að upplýsa almenning um eitrunar- eða brunahættu sem stafar af hættulegum efnum eða vegna dreifingar eittraðra lofttegunda frá brunum, svo dæmi sé tekið. Einnig mætti lýsa viðvörðunum og upplýsingagjöf sem eru á höndum annarra aðila, svo sem almannavarna eða heilbrigðisyfirvalda, t.d. vegna flóða, snjóflóða og mengunar drykkjarvatns. Slíkt skal gert í samráði við þá aðila.

Taka verður tillit til áhættumats í hverju sveitarfélagi fyrir sig þegar ákveðið er hvaða leið skal valin í viðvörðun og upplýsingagjöf til almennings. Ef annað fyrirkomulag er ríkjandi við almannavarnaáðstæður skal það koma fram.

4.2. Svar- og greiningartími

Gera skal grein fyrir því í brunavarnaáætlun hvernig svörun og greiningu innhringinga er háttáð. Koma skal fram hvaða viðmið eru skilgreind á svar- og greiningartíma. Í brunavarnaáætluninni skal koma fram eftir hvaða upplýsingum er unnið, hvort greiningarkerfi sé notað og þá hvaða kerfi það sé. Einnig þarf að koma fram hversu oft þær eru uppfærðar og hver ber ábyrgð á því. Ef einhver annar aðili annast þessa þjónustu fyrir slökkviliðið, t.d. Neyðarlínan, þarf það að koma fram. Ef annað fyrirkomulag er ríkjandi við almannavarnaáðstæður skal það koma fram.

4.3. Boðunartími

Gera skal grein fyrir því í brunavarnaáætlun hvernig boðun slökkviliðsins er háttáð. Koma skal fram hvaða viðmið eru skilgreind á boðunartíma. Ef um mismunandi boðunartíma er að ræða hjá slökkviliðinu eftir deildum eða tíma sólarhringsins þarf það að koma fram. Í brunavarnaáætluninni skal koma fram eftir hvaða upplýsingum er unnið og hversu oft þær eru uppfærðar og hver ber ábyrgð á því. Ef einhver annar aðili annast þessa þjónustu fyrir slökkviliðið, t.d. Neyðarlínan, þarf það að koma fram. Upplýsingar um hvernig boðun á samstarfsaðilum er háttáð, hver boðar þá og á hvaða hátt þurfa að koma fram. Ef greinarmunur er gerður á boðun við venjulegar aðstæður og við almannavarnaáðstæður skal það koma fram.

4.4. Virkjunartími

Í brunavarnaáætlun skal koma fram hvernig staðið er að virkjunartíma starfsmanna slökkviliðsins á vettvangi og hvaða stjórnunarkerfi er notað. Koma skal fram hvaða viðmið eru skilgreind á virkjunartíma. Ef annað fyrirkomulag er ríkjandi við almannavarnaáðstæður skal það koma fram.

4.5. Viðbragðstími

Í brunavarnaáætlun þarf að gera grein fyrir viðbragðstíma slökkviliðsins. Skipta þarf starfssvæði slökkviliðsins upp í hluta og gera grein fyrir flokkun byggðar (flokkur I, II eða III), aðstæðum í hverjum hluta og lengd útkallstíma (10, 20 eða 30 mínútur).

Mannvirki sem augljóslega falla utan við þennan tímaramma skulu tilgreind í brunavarnaáætlun, enda þyrfti þá frekari ráðstafana við til að tryggja öryggi þeirra.

Ef viðbragðstími er óvenjulega langur í einstaka áhættu og/eða svæði þarf að taka það sérstaklega fram.

Sýna má flokkun byggðar og útkallstíma á korti eða kortum af starfssvæðinu í heppilegum skala. Við skipulag sveitarfélagsins á landnotkun þarf að gera viðeigandi ráðstafanir þannig að slökkviliðið uppfylli þær kröfur sem eru gerðar á viðkomandi svæði. Ef slökkviliðið uppfyllir ekki kröfur um skilgreindan viðbragðstíma á eitthvert svæði þarf það að koma fram, hvort úrbætur er fyrirhugaðar og þá með hvaða hætti.

5. *Húsnæði, bifreiðar og búnaður*

Ef slökkvilið samnýtir eftirfarandi þætti með öðrum skal getið um samstarfsaðila. Í brunavarnaáætlun skal lýsa afskriftarreglum, fjármagnsstefnu og endurnýjunaráætlun fyrir húsnæði, bifreiðar og búnað í eftirfarandi undirköflum.

5.1. *Húsnæði*

Í brunavarnaáætlun skal fjöldi slökkvistöðva koma fram, staðsetning þeirra og ástand. Ef slökkviliðið hefur yfir sérstökum geymslum að ráða eða annarri aðstöðu þarf það að koma fram.

5.2. *Bifreiðar*

Í brunavarnaáætlun er nauðsynlegt að fram komi fjöldi slökkvibifreiða og annarra farartækja sem slökkviliðið hefur til eigin afnota eða getur fengið hjá samstarfsaðila. Æskilegt er að flokka slökkvibifreiðar eftir hlutverki/flokki þeirra og greina frá meðalaldri bifreiða í hverju hlutverki/flokki.

5.3. *Búnaður*

Í brunavarnaáætlun er skal lýsa almennu ástandi lausabúnaðar eftir flokkum og meðalaldri hans.

5.4. *Fjarskipti*

Í brunavarnaáætlun skal koma fram hvaða fjarskiptakerfi slökkviliðið notar, hver ber ábyrgð á rekstri, endurnýjun og viðhaldi þess. Ef slökkviliðið er með varafjarskiptakerfi skal það tekið fram. Ef greinarmunur er gerður á fjarskiptum við venjulegar aðstæður og við almannavarnaadstæður skal það koma fram. Einnig skal koma fram hvernig fjarskiptum við samstarfsaðila er háttað.

5.5. *Viðvörðunarbúnaður*

Í brunavarnaáætlun skal koma fram hvaða búnað/leiðir slökkviliðið notar til að vara við og/eða veita upplýsingar til almennings í neyðartilvikum, hver ber ábyrgð á rekstri, endurnýjun og viðhaldi hans.

5.6. *Æfingasvæði*

Í brunavarnaáætlun skal koma fram hvaða æfingasvæði slökkviliðið hefur til afnota. Einnig skal koma fram stutt lýsing á svæðinu.

5.7. *Annað*

Ef slökkviliðið er að nota annan búnað en hér er tekið fram skal þess einnig getið.

6. *Landupplýsingar*

Í brunavarnaáætlun er æskilegt að fram komi hvernig og hvaða gögn slökkviliðið notar til leiðarlýsingar innan starfssvæðisins og merkingar á svæðum og áhættu sem getið er í áhættumati sveitarfélagsins.

7. *Vatnsból og brunahanar*

Koma skal fram í brunavarnaáætlun hvaða svæði hafa vatnsveitukerfi með brunahönum. Einnig þarf áætlunin í stórum dráttum að gefa til kynna hvar vatnsöflun sé hentugust innan starfssvæðisins.

Í áætluninni á að koma fram hvar nákvæmari upplýsingar sé að finna, til að mynda um afkastagetu brunahana og vatnstöku við einstaka sveitabæi. Einnig þarf að koma fram hver ber ábyrgð á að endurskoða þessar upplýsingar og í hvaða formi þær eru. Einnig er æskilegt að það komi fram hver sjái um viðhald vatnsveitukerfa, brunahana og vatnsbóla.

Ef sveitarfélögin hafa valið staðbundið óhefðbundnar leiðir í vatnsöflun fyrir slökkviliðið, fyrir sérstaka áhættu eða fyrir stærra svæði, þarf það að koma fram.

8. *Sérstakar bruna- eða mengunarhættur*

Í 12. gr., e. lið, laganna segir að hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga sé m.a. að:

“halda skrá yfir öll mannvirki og aðra staði þar sem eldsvoði getur valdið sérstakri hættu á manntjóni eða umtalsverðu tjóni á umhverfi eða öðrum verðmætum.”

Þau mannvirki og staðir sem undir þennan lið falla innan starfssvæðisins skulu talin upp í brunavarnaáætlun. Grundvöll áhættumats við slík mannvirki og staði er einnig æskilegt að hafa með í áætluninni, það er að segja hvaða hættur steðja að og hverjar afleiðingar þeirra kunni að verða.

Einnig er æskilegt að greina frá slíkri áhættu utan starfssvæðisins í brunavarnaáætlun, ef slys geta haft afleiðingar innan svæðisins, eða skylda hvílir á slökkviliðinu að veita aðstoð.

Staðsetning vatnsverndarsvæða og annarra viðkvæmra svæða skal sýna á korti í brunavarnaáætlun vegna mengunarvarnasjónarmiða. Af sömu ástæðu er æskilegt að nefna þjóðgarða og aðrar náttúruperlur sem þarfnast sérstakrar gæslu.

9. *Hafnir og mörk þeirra*

Hafnir á starfssvæði slökkviliðsins og mörk þeirra á landi og sjó skulu koma fram í brunavarnaáætlun og skal sýna þessi mörk á korti. Einnig skal koma fram hver ber ábyrgð á slökkvistarfi og umhverfismengun á svæðinu. Hafa skal samráð við heilbrigðisyfirvöld og hafnarstjóra við skilgreiningu á starfssviði slökkviliðsins á þessum svæðum.

10. Samkomulag og samningar

Ef samkomulag hefur verið gert milli sveitarfélaga samkvæmt 14. grein laganna um samvinnu og verkaskiptingu við rekstur slökkviliðs skal það koma fram í brunavarnaáætlun.

Einnig skal lýsa samkomulagi slökkviliðs við aðra aðila, til að mynda um not af búnaði og mannafla, sérþekkingu, vatnsköfun eða um sjúkraflutninga sé um slíkt að ræða.

Mikilvægt er að gerður sé greinarmunur á samkomulagi og samningum sem gilda við venjulegar aðstæður og þeim sem gilda við almannavarnaáðstæður.

Greina má frá samkomulagi eða samningum með stuttri endursögn. Samkomulagið í heild sinni getur fylgt með sem fylgiskjal ef ástæða þykir til.

11. Annað

Ef höfundur brunavarnaáætlunar telur að eitthvað mikilvægt hafi ekki komið fram má nýta fyrirsögnina “annað”. Dæmi um slíkt gæti verið lendingarpallur fyrir þyrllu, vararafstöðvar eða sérstakur fjarskiptabúnaður.

Einnig er æskilegt að gera hér grein fyrir þeim breytingum og/eða endurskoðun á starfsemi slökkviliðsins sem fyrirhugað er að gera á gildistíma brunavarnaáætlunar og koma ekki fram annars staðar í áætluninni.

Viðauki

Skýringar á flokkun byggðar:

Flokkun byggðar ætti að vera forsenda fyrir skilgreindum viðbragðstíma á viðkomandi svæði. Sem dæmi er hægt að skipta byggð upp í eftirfarandi þrjá flokka, miðað við eðlileg skilyrði:

Flokkur I (viðbragðstími að jafnaði minni en 10 mínútur)

- i miðbær í þéttbýli og aðrir þjónustukjarnar í stærri bæjum*
- ii byggð með sérstakri brunahættu*
- iii sjúkrahús, heimavist, hótél og aðrar byggingar þar sem koma þarf mörgum út*
- iv sérstaklega hættulegur iðnaður*
- v fyrirtæki með stóra bruna- eða mengunarhættu*
- vi hafnarsvæði þar sem hættuleg efni eru til staðar*
- vii þétt íbúabyggð og háhýsi*
- viii samkomuhús fyrir fleiri en 300 manneskjur*

Flokkur II (viðbragðstími að jafnaði minni en 20 mínútur)

- i óþéttari íbúabyggð*
- ii dreifbýli með þéttbýliskjörnum*

Flokkur III (viðbragðstími að jafnaði minni en 30 mínútur)

i stakir sveitabæir

Þessir tímar eru viðmiðunartímar og eiga ekki við í vissum tilvikum.

Skýringar á tímahugtökum:

1. *Svartími*
Frá fyrstu hringingu þar til Neyðarlínan svarar.
2. *Greiningartími*
Frá upphafi móttöku símtals þar til greining Neyðarlínu leiðir til fyrstu boðunar bjarga.
3. *Boðunartími*
Frá boðun bjarga þar til þær leggja af stað á vettvang.
4. *Aksturstími*
Frá því bjargir leggja af stað þar til þær eru komnar á vettvang.
5. *Virkjunartími*
Frá því bjargir eru á staðnum þar til björgunarstarf hefst.
6. *Vettvangstími*
Frá því björgunarstarf er hafið þar til að því lýkur.
7. *Flutningstími*
Frá því bjargir leggja af stað frá vettvangi þar til þær koma á sjúkrahús eða bækistöð.
8. *Frágangstími*
Frá því bjargir eru komnar á sjúkrahús/bækistöð og búið er að fullútbúa útkallstæki að nýju.
9. *Viðbragðstími*
Svar- + greiningar- + boðunar- + aksturs- + virkjunartími.
10. *Útkallstími*
Svar- + greiningar- + boðunar- + aksturs- + virkjunar- + vettvangs- + flutnings- + frágangstími.

Ýmsar skýringar:

1. *Áhætta*
Margfeldi líkinda á og afleiðinga af einstökum atburði.
2. *Líkindi*
Líkindi eða tíðni atburða sem geta haft í för með sér ákveðna afleiðingu.
3. *Afleiðing*
Það sem hlýst eða leiðir af slysi, s.s. dauðsfall eða meiðsli á fólki eða dýrum, skaði á umhverfi eða eignum, skilgreint með magnbundnum eða huglægum hætti.

